

Tillaga til þingsályktunar

um kolefnismerkingu á kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneldis.

Flm.: Þorgrímur Sigmundsson, Sigurður Páll Jónsson, Ásmundur Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að beita sér fyrir því að teknar verði upp upprunamerkingar á kjötvörur með skýrari hætti en nú er, þar sem m.a. komi fram upplýsingar um kolefnisspor vegna flutnings viðkomandi vöru, sem og á garðyrkjuafurðir til manneldis. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir stöðu málsins fyrir lok árs 2022.

Greinargerð.

Tillagan var áður lögð fram á 149. löggjafarþingi (275. mál) og á 150. löggjafarþingi (265. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur óbreytt.

Í október 2018 kom út skýrsla milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Intergovernmental Panel on Climate Change, IPCC) sem varpar ljósi á þær miklu áskoranir sem mannkynið stendur frammi fyrir í loftslagsmálum. Þar kemur fram að bregðast þurfi við loftslagsbreytingum strax og vinna markvisst að því að afstýra því að meðalhiti á jörðinni hækki um meira en 1,5 gráður með hörmulegum afleiðingum fyrir lífríkið. Ljóst er því að öll ríki þurfa að bregðast við af krafti og það strax. Umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030 en markmiðið með henni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040. Stefnan er metnaðarfull en betur má ef duga skal og nauðsynlegt að skoða alla kosti við að minnka kolefnissporið.

Kjötvörur eru fluttar hingað hvaðanæva úr heiminum með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Ljóst er að kolefnisspor kjöts sem flutt er t.d. frá Nýja Sjálandi er mun stærra en kjöts sem er flutt í búðir frá framleiðendum innan lands. Á síðari árum hafa kröfur neytenda um upplýsingar um vöru stóráukist, t.d. um innihald vöru og uppruna hennar. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að neytendur fái upplýsingar um kolefnisspor vörunnar, þ.e. hve mikil loftslagsáhrif framleiðsla og flutningur á viðkomandi vöru hefur haft. Þar með getur neytandi tekið upplýsta ákvörðun og valið umhverfisvænni kost kjósi hann svo. Flutningsmenn benda á að ein af aðgerðum í aðgerðaáætlun dönsku ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er að hefja vitundarvakningu meðal fólks um áhrif matvælaframleiðslu á loftslag. Í því felst að matvæli verða merkt með límmiða þar sem fram koma áhrif vörunnar á loftslagið. Þá hafa skráningarfyriertæki í Svíþjóð í samstarfi við sænsku bændasamtökin búið til merkingarkerfi fyrir matvörur sem sýnir hvaða áhrif framleiðslan hefur haft á loftslag.